

**Samstarfsamningar um sérstakt  
umferðareftirlit og  
sjálfvirkt hraðæftirlit  
árin 2007 og 2008.**



**1. febrúar 2007**

## Samningar um stóraukið umferðareftirlit

Undanfarin tvö ár hafa verið gerðir samstarfssamningar milli Ríkislögreglustjóra og Umferðarstofu fyrir hönd samgönguráðuneytisins um sérstakt og aukið umferðareftirlit lögreglu. Árangur þeirra samninga er metin svo mikill að ákveðið hefur verið að halda því starfi áfram og efla það til muna. Í dag, 1. febrúar, liggur fyrir undirritun nýs samstarfssamnings til aukins umferðareftirlits lögreglu umfram hið hefðbundna umferðareftirlit eins og það er framkvæmt af lögreglunni í dag. Auk þess verður undirritaður samningur um sjálfvirkt hraðaeftirlit.

### 218 milljónum króna veitt til aukins umferðareftirlits

Á síðasta ári var 65 milljónum króna varið í aukið eftirlit, en á næstu tveimur árum verður samtals 218 milljónum varið í sambærileg verkefni ásamt kostnaði við sjálfvirkt hraðaeftirlit. Nú er jafnframt til undirritunar samstarfssamningur um sjálfvirkt hraðaeftirlit en að þeim samningi standa Ríkislögreglustjórinn, Umferðarstofa og Vegagerðin f.h. samgönguráðuneytisins. Samningurinn er rammamarkmið samningur um sjálfvirkt hraðaeftirlit lögreglu á völdum stöðum á þjóðvegum landsins og er þar m.a. kveðið á um rekstur myndavélanna og úrvinnslu gagna úr þeim. Vegagerðin annast kaup, uppsetningu og viðhald myndavélakerfisins.

### Ætlunin er að standa jafnfætis þeim þjóðum sem best standa sig

Báðir samningarnir eru gerður á grundvelli umferðaröryggisáætlunar stjórnvalda en markmið þeirrar áætlunar er að draga úr fjölda banaslysa og alvarlega slasaðra í umferðinni, þannig að fjöldi slíkra tilfella á tímabilinu á hverja 100 þúsund íbúa verði ekki meiri hér á landi en hjá þeim þjóðum sem bestum árangri hafa náð í umferðaröryggismálum. Með samningunum verður kleift að efla eftirlit lögreglu með hraðakstri, öryggisbeltanotkun, fíkniefna- og ölvunarakstri og öðrum þeim hefðbundnum athugunum sem varða ökutæki, akstur og ökulag.

### Eftirlit verður þar sem mest þörf er á

Við hraðaeftirlit lögreglu er lögð áhersla á tiltekna hraðamælingastaði og við eftirlit með ölvunar- og fíkniefnaakstri er áhersla lögð á tiltekna eftirlitsstaði, hvort tveggja byggt á slysaskrá Umferðarstofu. Jafnframt byggist ákvörðun um staðsetningu hraðamyndavélanna á upplýsingum úr slysaskrá Umferðarstofu að teknu tilliti til fleiri þátta t.d. umferðar og gerðar slitlags.

## Í hvað fer fjármagnið?

### 11 öndunarsýnamælar

Umferðarstofa mun á árunum 2007 – 2008 fjármagna kaup á samtals 11 öndunarsýnamælum og meðfylgjandi tölvubúnaði fyrir allt að 16,5 milljónir króna sem afhentir verða lögreglunni og notaðir verða í eftirliti hennar. Nokkrir slíkir mælar eru nú þegar í notkun lögreglu.

### 40 milljónum veitt í kaup á 8 bifhjólum með Eyewitness búnaði

Umferðarstofa mun á árunum 2007 - 2008 fjármagna kaup á 8 bifhjólum búnum ratsjáróbúnaði með myndavélum (Eyewitness búnaður) sem notuð verði við eftirlit lögreglu. Bifhjólin verða viðbót við núverandi fjölda lögreglubifhjóla. Þessi bifhjól munu fyrst og fremst verða notuð við umferðareftirlit og mun sýnileiki lögreglunnar aukast umtalsvert. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður vegna þessa verði ekki meiri en 40 milljónir króna.

Þá mun Umferðarstofa fjármagna á árinu 2007 kaup á 6 ratsjártækjum með myndavélum á núverandi lögreglubifhjól fyrir allt að 9 milljónir króna.

### **Kaup á samtals 18 ratsjártækum með myndavélum**

Umferðarstofa mun á árunum 2007 – 2008 fjármagna kaup á 18 ratsjártækjum með myndavélum í lögreglubíla (Eyewitness búnaður) sem notaðir verða í eftirliti lögreglunnar gegn hraðakstri. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður vegna þessa verði ekki meiri en 27 milljónir króna.

### **Tæpar 100 milljónir í sérstakt umferðareftirlit til lögregluembætta**

Á árunum 2006 og 2007 verður tæplega 100 milljónum varið í sérstakt umferðareftirlit lögreglunnar á helstu þjóðvegum landsins. Umrætt eftirlit er til viðbótar við hefðbundið eftirlit lögreglunnar og verður sérstök áhersla lögð á eftirlit við þekktu slysastaði.

### **16 sjálfvirkar hraðamyndavélar**

Vegagerðin mun á árunum 2007 – 2008 fjármagna kaup á 16 hraðamyndavélum og myndavélakössum auk hugbúnaðar sem afhentur verður Ríkislögreglustjóra til notkunar við eftirlit lögreglunnar. Vegagerðin mun á samningstímanum fjármagna tæknilegan rekstur myndavélakerfisins.

### **28 milljónir í úrvinnslu sekta og tæknivinnu**

Umferðarstofa greiðir á samningstímanum ígildi tveggja stöðugilda á ári hjá Ríkislögreglustjóra til að annast verklega framkvæmd við úrvinnslu sekta úr hraðamyndavélunum. Samtals að hámarki 28 milljónir króna á samningstímanum en inni í því er einnig kostnaður vegna tæknimála.

Nánari upplýsingar veita:

Einar Magnús Magnússon  
Upplýsingafulltrúi Umferðarstofu  
Símar: 580-2022 / 659-5060

Sigurður Helgason  
verkefnastjóri Umferðarstofu  
símar; 580-2021 / 899-0160